



FÍT 2012–Grafísk hönnun á Íslandi

Upplýsingar um skráningar á innsendingum

Taktu þátt í elleftu FÍT verðlaununum

Þá er nýtt ár gengið í garð og næsta skref að taka saman innsendingar í FÍT keppnina. Þessu skjali er ætlað að útskýra innsendingaferlið og svara sem flestum spurningum sem kunna að vakna í tengslum við það.

Við hvetjum þig til að renna í gegnum skjalið áður en þú hefst handa.

Keppnin okkar heldur áfram að þróast eins og fyrri ár, með það að markmiði að styrkja hana og stækka. Í ár verða gerðar tvær meginbreytingar.

Sú fyrri er að flokkarnir hafa aðeins breyst. Einhverjir hafa horfið af listanum, aðrir bæst við og sumir sameinast. Nánari listun á flokkunum má sjá seinna í skjalinu. Nánari reglur um hvern flokk má sjá síðar í skjalinu.

Seinni breytingin er stærri, því að í fyrsta sinn erum við að bjóða öðrum en FÍT meðlimum að taka þátt í keppninni. Þetta er gert með það að sjónarmiði að keppnin endurspegli ekki aðeins það besta í grafískri hönnun FÍT meðlima, heldur það besta í grafískri hönnun á Íslandi.

FÍT meðlimir munu þó að sjálfsgöðu áfram njóta góðs af því að vera í félaginu, því mikill munur er á skráningargjaldi og meðlimir greiða aðeins tæp 20% af fullu skráningargjaldi.

Að lágmarki einn af skráðum hönnuðum innsends verks þarf að vera meðlimur í FÍT til að greiða FÍT verðið, en ef enginn skráðra hönnuða er meðlimur skal greiða fullt gjald.

Annað fyrirkomulag helst nokkuð óbreytt frá fyrri árum. Þar má nefna skráningarkerfi okkar sem er nú rafrænt, sem og innsendingar á myndefni sem fer fram í gegnum Ftp server.

Öll verk sem voru unnin frá ársbyrjun 2011 fram að keppninni í ár eru gjaldgeng í FÍT 2012 keppnina. Þetta er því rúmlega árs rammi af verkum sem koma til greina í keppnina.

Eina skilyrði innsendinga eru að þau hafi verið birt. Það er að þau séu „raunveruleg verkefni fyrir kúnna“ en ekki svokölluð „drauga-verkefni“ gerð eingöngu fyrir keppnina.

Skila má inn einu verkefni í fleiri en einn flokk og er hvert um sig sér innsending og sér skráning með tilheyrandi skráningargjaldi. Eintak af prentuðum gögnum þarf að fylgja hverri skráningu.

Allar nánari upplýsingar um skil í keppnina er að finna í textum hér að aftan og við hvetjum alla til að taka þátt og vanda innsendingar eins og kostur er.

Verðlaunaafhendingin fer fram þann 21. mars, daginn áður en HönnunarMars byrjar. Og í beinu framhaldi verður opnuð sýning á viðurkenndum og verðlaunuðum verkum keppinnar.

Það er gaman að segja frá því að við höfum nú þegar samið við samstarfsaðila um húsnæði fyrir verðlaunaafhendinguna og sýninguna sem mun gera okkur kleift að gera mun flottari sýningu en áður hefur sést í FÍT keppninni. Meira um það þegar nær dregur úrslitum.

Kveðja Stjórn FÍT

Eins og í fyrra notumst við við lit ársins hjá Pantone, en í ár er hann **Tangerine Tango**.

Litagildi **Tangerine Tango** eru:
7625 (Pantone)
0-82-80-0 (CMYK)
255-82-61 (RGB)

Mundu!

14. febrúar–Fyrri skilafrestur
21. febrúar–Seinni skilafrestur

www.teiknarar.is/2012

Mikilvægar dagsetningar

Mikilvægustu dagsetningarnar fyrir FÍT keppnina eru skil í keppnina. Eftir að skil hafa átt sér stað mun dómnefnd vera kölluð saman og fær hún það mikilvæga verk að finna bestu hönnunina á meðal innsendra verka.

Ekki er tekið á móti innsendingum í keppnina eftir 21. febrúar.

Skráningargjald

Eins og áður bjóðum við upp á tvo skráningardaga, þeir sem eru snemma í því njóta afsláttar á skráningargjaldinu (14. febrúar) en þeir sem skila á lokadegi greiða fullt gjald (21. febrúar).

Verðin miða öll við eina innsendingu/skráningu. Ekki er gefinn magn-afsláttur á skráningum.

Engin auka gjöld eru tekin fyrir þáttöku.

Skráningargjaldið skal greitt inn á reikning FÍT:

kt. 530169–5379

0111–26–505369

Ábyrgð og skil á verkum

Sá sem skráir inn innsendingarnar á skráningarvef keppinnar ber fulla ábyrgð á að þær upplýsingar sem eru gefnar upp séu réttar og að allir þeir hönnuðir sem komu að verkinu séu réttilega nefndir.

Þær upplýsingar sem eru gefnar þar upp verða notaðar í kynningarefni fyrir keppnina ef verkið vinnur til verðlauna eða viðurkenningar. Einnig verða upplýsingarnar sendar út með verkinu í keppni ADC*E og því mikilvægt að ganga úr skugga um að allar upplýsingar séu einnig gefnar upp á ensku.

FÍT sendir þau verk sem vinna til verðlauna eða viðurkenningar út í keppni ADC*E sem verður haldin næsta sumar. FÍT stendur að öllum kostnaði við þessa þátttöku.

14. febrúar (mánudagur) – Fyrri skilafrestur

21. febrúar (mánudagur) – Seinni skilafrestur

Allir flokkar (fyrir meðlimi félagsins)

3.500 krónur ef skilað er fyrir 14. febrúar

5.000 krónur ef skilað er fyrir 21. febrúar

Allir flokkar (fyrir aðra hönnuði)

20.000 krónur ef skilað er fyrir 14. febrúar

25.000 krónur ef skilað er fyrir 21. febrúar

Flokkurinn: Nemendaverk

Ókeypis er fyrir nemendur að senda inn í flokkinn nemendaverk

Athugið að setja skráninganúmer innsendingarinnar í skýringu á millifærslunni, eða senda kvittun á fit@teiknatar.is, með lista yfir tilheyrandi skráningarnúmer.

Félagið skilar ekki öðrum innsendingum í keppnina nema félagsmaður óski eftir því sérstaklega.

FÍT ber ekki ábyrgð á verkum sem er skilað inn í keppnina, en leggur kapp sitt við að ganga vel um alla gripi sem berast.

Upplýsingar um skil

Hér á eftir koma upplýsingar um skil á verkum í keppnina. Nákvæmlega hvernig skila skal í flokkana getur verið misjafnt, svo vinsamlegast lesið vel leiðbeiningar við þá flokka sem sent er í.

Með öllum verkum þarf að skila 1–3 myndum af verkinu í JPG formi, 30x30 cm stærð og 300 dpi upplausn. Þessar myndir verða notaðar í kynningar-efni fyrir keppnina hér heima og hjá ADC*E.

Þau verk sem þarf að skila til skoðunar (ekki rafrænt) þarf að afhenda í HönnunarMiðstöð.

Stafrænum gögnum skal skila í gegnum FTP á uppgefið svæði hér til hliðar. Ef ekki er hægt að nota FTP má skila rafrænum gögnum á CD/DVD til Hönnunarmiðstöðvar.

Ef upp koma vandræði á skilum er hægt að fá aðstoð í gegnum netfangið fit@teiknarar.is

www.teiknarar.is/2012

Athugið að merkja vel öll verk sem eru send inn, með skráningarnúmeri sem fæst við staðfestingu á skráningarvef keppinnar.

Hér er átt við að setja þarf skráningarnúmerið skrifað á hlutinn sem er skilað inn. T.d. með litlum límmiða.

Skil á gögnum

Hönnunarmiðstöð Íslands
Vonarstræti 4b–101 Reykjavík

Skil á rafrænum gögnum

Gögnin skulu vera sett saman í eina möppu (fyrir hverja skráningu) og sú mappa merkt með skráningarnúmerinu. Inni á FTP svæðinu er mappa merkt FÍT 2012 og skal setja skilin þar í.

Athugið að mappan er „ósýnileg“ og því ekki hægt að sjá hlutinn sem þú setur þar inn. Vertu því viss að allt sé rétt í möppunni áður en þú sendir hana inn.

server: 2012.teiknarar.is
notendanafn: teiknarar
lykilorð: 2012

Flokkar

Almennar myndskreytingar

Auglýsingaherferðir

Bókahönnun

Bókakápur

Firmamerki

Geisladiskar og plötur

Hreyfigrafík

Leturhönnun

Markpóstur og kynningarefni

Myndskreytingar fyrir auglýsingar, herferðir og útgáfur

Myndskreytingar fyrir bækur

Mörkun

Stakar auglýsingar fyrir prentmiðla

Stakar auglýsingar fyrir vefmiðla

Umbúðir og pakkningar

Umhverfisgrafík

Upplýsingahönnun

Vefsíður

Veggspjöld

Opinn flokkur

Nemendaflokkur

Almennar myndskreytingar

Allar almennar myndskreytingar, óháð miðli eða notkun.

Athugið að í keppninni í ár eru tveir aðrir myndskreytingaflokkar sem hægt er að senda inn í.

Skil

Útprintað sýnishorn af myndskreytingunum, tilbúnum til upphengingar.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Auglýsinga-herferðir

Hér má skila heilum herferðum sem samanstanda af auglýsingum í mismunandi miðla.

Skil

Printuðum gögnum skal skilað útprintuðum í raunstærð, tilbúnum til upphengingar.

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í góðum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 25mb.

Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Bókahönnun

Bókin er dæmd í heild sinni, innihald sem kápa. Gera má ráð fyrir að dómara skoði hvert smáatriði í henni.

Skil

Eintak af bókinni.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Bókakápur

Þeim bókum sem er skilað inn í þennan flokk eru aðeins dæmdar eftir kápunni. Ekki er gert ráð fyrir að dómnefnd opni bókina og skoði innihaldið.

Skil

Eintak af bókinni.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Firmamerki

Merkið er dæmt eitt og sér, eins og því er skilað.

Aðeins má skila inn einu blaði með einu merki (ef merkið kemur í lit og sv/hv útgáfu er aðeins lita-útgáfan notuð).

Skil

Merkið skal útprintað á A4 blað (upprétt) og límt á karton (stíft bak). Merkið skal sýnt í um 10x10 cm stærð (ofar á blaðinu) og í um 1x1 cm stærð (neðar á blaðinu).

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Geisladiskar og plötur

Í þennan flokk má skila geisladiskum og vínýlplötum. Verkin eru dæmd í heild sinni, allt frá kápu til prentunar á geisladisk/plötu.

Skil

Eintak af hljómplötunni.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Hreyfigrafík

Sú grafík sem er gerð og látin hreyfast (e. animation). Ekki er skilyrði að allur hluti verksins sé grafík, hluti af verkinu má t.d. vera leikinn.

Í þennan flokk má t.d. senda teiknimyndir, auglýsingar, „opnunarkredit“ og fleira.

Skil

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í góðum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 25mb.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Leturhönnun

Letur, hæfðbundið letur eða svokallað „display-letur“.

Skil

Útprintað letursýnishorn á einu spjaldi. Sýna verður letrið í heild sinni og dæmi um notkun.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Markpóstur og kynningarefni

Allur markpóstur og kynningarefni, meðal annars ársskýrslur, bæklingar, boðskort, „flyerar“.

Skil

Upprunalegt eintak af verkinu.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Myndskreytingar fyrir auglýsingar, herferðir og útgáfur

Myndskreytingar sem hafa verið gerðar sérstaklega fyrir auglýsingar, herferðir eða aðra útgáfu.

Skil

Útrentuð sýnishorn af myndskreytingunum, tilbúnum til upphengingar.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Myndskreytingar fyrir bækur

Myndskreytingar sem hafa verið gerðar sérstaklega fyrir bækur.

Skil

Útrentuð sýnishorn af myndskreytingunum, tilbúnum til upphengingar.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Mörkun

Heildarmörkun fyrir viðburð, fyrirtæki eða samtök. Hér er allt efni skoðað sem heild og hversu vel hefur tekist til að marka viðburðinn/fyrirtækið.

Sem hluta af heildarmörkun getur talist merki, bréfagögn, bæklingar, plaköt, auglýsingar, umhverfismerkingar og í raun allt annað sem hefur verið útbúið.

Skil

Útrentuð sýnishorn. Ekki eru takmörk á fjölda í innsendingu, en setja verður allt efnið upp á eitt spjald, sem má að hámarki vera í stærðinni Ao.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Stakar auglýsingar fyrir prentmiðla

Stakar auglýsingar, sem eru ekki hluti af sérú annarra auglýsinga. (Einnig má skila inn auglýsingum sem voru hannaðar sem hluti af herferð, en í þessum flokki eru auglýsingarnar dæmdar stakar en ekki sem hluti af heild.)

Skil

Prentuðum gögnum skal skilað útrentuðum í raunstærð, tilbúnum til upphengingar.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Stakar auglýsingar fyrir vefmiðla

Stakar auglýsingar, sem eru ekki hluti af sérú annarra auglýsinga. (Einnig má skila inn auglýsingum sem voru hannaðar sem hluti af herferð, en í þessum flokki eru auglýsingarnar dæmdar stakar en ekki sem hluti af heild.)

Skil

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í miklum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 25mb.

Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Umbúðir og pakkninga

Allar umbúðir utan af hverskyns vörum.

Skil

Skila verður inn upprunalegum útgáfum af umbúðum/pakkningum.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Umhverfisgrafík

Öll grafík sem er stærri en Ao, yfirleitt utandyra (þó ekki skilyrði).

Hér má sem dæmi nefna stærri auglýsingar eins og flettiskilti, merkingar, farartækjamerkingar og fleira.

Skil

Skila skal inn myndum af verkinu, tilbúnum til upphengingar.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Upplýsingahönnun

Öll hönnun sem er sérstaklega gerð til að koma ákveðnum upplýsingum á framfæri.

Hér má nefna sem dæmi kort, leiðarvísa, leiðbeiningar og fleira.

Skil

Prentuðum gögnum skal skilað útprentuðum í raunstærð, tilbúnum til upphengingar.

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í miklum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 25mb.

Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Vefsíður

Vefsíður. Sérstaklega er horft á útlit, en einnig tekið tillit til hversu góð hún er í notkun.

Skil

Vefsíður skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Veggspjöld

Veggspjaldið er dæmt í heild sinni, meðal annars út frá mynd- og leturnotkun.

Ef um fleira en eitt veggspjald er að ræða í seríu, má skila þeim öllum inn sem einni heild. En þó aldrei meira en 5 eintök í seríu.

Skil

Útprentuðu eintaki af veggspjaldinu í raunstærð.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Opinn flokkur

Í þennan flokk má senda þau verk sem ekki þykja passa undir aðra tilgreinda flokka.

Skil

Prentuðum gögnum skal skilað útprentuðum í raunstærð, tilbúnum til upphengingar.

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í góðum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 25mb.

Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)

Nemendaflokkur

Algjörlega opinn flokkur hvað varðar tegund á innsendu efni.

Skilyrði eru að hönnuður sé nemendi (eða hafi verið nemandi þegar verkið var unnið). Ekki er krafna að verkið hafi verið skólaverkefni.

Skil

Prentuðum gögnum skal skilað útprentuðum í raunstærð, tilbúnum til upphengingar.

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í miklum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 25mb.

Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

1–3 myndum rafrænt (JPG, 30x30 cm, 300 dpi)